

## **223. fundur stjórnar LSS haldinn þriðjudaginn 9.4. 2013 kl. 13:00**

á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, SvB, FH, BKr, EK, BV og VLF

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Sþ.

### **2. Inntaka nýrra félaga**

Engin umsókn.

### **3. Orlofsmál**

SBB, Jörgen og Jón Jóhannes fóru í vettvangsferð í orlofshúsin í Munaðarnesi. Nauðsynlegt er að fara í endurbætur á baðherbergjum og innihurðum. Áætlaður kostnaður er allt að 1.500.000kr á hús. Samþykkt að endurnýja baðherbergin og innihurðir.

### **4. Fritökuréttur. Mál frá réttindanefnd BSRB.**

Farið yfir niðurstöður Réttindanefndar BSRB vegna beiðni LSS um að BSRB tæki að sér málarekstur fyrir félagsmenn LSS á Keflavíkurflugvelli. Áður hafði IRR hafnað erindinu svo og Félagsdómur. Réttindanefnd BSRB hafnar erindinu (sjá meðfylgjandi). Með tilliti til niðurstöðu Réttindanefndar BSRB telur stjórn LSS að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar í málinu né taka þátt í málaferlum.

### **5. LSS 40 ára.**

Farið yfir dagskrá 11. maí vegna afmælisins.

Ráðstefna á Hótel Natura frá 9:00 til 16:00. Afmælishátíð með léttu sniði í Slökkviliðsminjasafninu á Reykjanesi kl. 17:30.

Heiðursviðurkenningar. Framkvæmdastjóri setur upp tillögu um viðurkenningar, t.d. að fyrrv. formenn fái gullmerki.

Farið yfir drög að dagskrá ráðstefnu; Skýrsla vinnuhóps velferðarráðherra,

Stoðkerfisálag, otkun bakbretta, hugleiðingar um nám. Fyrirlesarar SvB, VM, BV.

Eldur í jarðgöngum, gróðureldar, nýjungar í slökkvimálum og fleira.

### **6. Sjúkraflutningar**

Fagdeild sjúkraflutningamanna er í viðræðum við menntakerfið um bráða-tækninám á Íslandi. 3 ára nám þar sem sértæki hlutinn yrði 1 1/2 ár. Umræða um grunnmentun.

### **7. Samningar SNS og LSS**

Næsti fundur við SNS 17. apríl v hlutastarfandi (kafla 14) sem á eftir að klára.

Stofnanasamningur er kominn við HSU vegna sjúkraflutningamanna. Er í vinnslu við HP og næst Blönduós. Síðan fyrir hlutastarfandi.

Samstarfsnefnd LSS og SNS hefur verið að funda vegna biðtíma í sjúkraflugi.

Málið skoðað með félagsmönnum hjá SA.

Túlkun á grein 10.2.2 er hjá Réttindanefnd BSRB.

### **8. Ársuppgjör 2012**

Árið er nálægt núlli eins og við var búist vegna Árspingsins. Forvarnardeildin er rekin með halla í, annað árið í röð. Umræður um hvort halda eigi rekstrinum áfram og taka þá upp viðræður við umsjónarmann um breytingar á rekstrarfyrirkomulaginu. Deildin var stofnum sem fjáröflunartæki fyrir LSS.

### **9. Ársfundur LSS 17. apríl 2013**

Fundurinn verður haldinn á 1. hæð, kl. 15:00. Farið yfir reikninga ofl.

## **10. Önnur mál:**

- a) Samþykkt að veita GH heimild til að millifæra á netbanka
- b) **100 ára afmæli BS.** Haldið upp á það 13. apríl og slökkviliðsminjasafnið opnað um leið. Formaður og starfsmenn LSS mæta.

## **11. Mál til kynninga**

- Gögn frá Heilbrigðishóp BSRB